

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1242*  
*komudagur 28.1.2008*

SÍMI/TEL: +354 552 4000  
FAX: +354 562 3629  
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2007

**Erindi: Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga, 306. mál**

Listaháskólinn hefur fengið til umsagnar frumvarp til myndlistarlaga sem menntamála-ráðherra hefur nú lagt fyrir Alþingi. Frumvarpið hefur farið til ítarlegrar umræðu innan myndlistardeildar skólans og er niðurstöður að finna í meðfylgjandi umsögn.

---

**Almennt:**

Listaháskólinn telur að með nýjum lögum um myndlist náist þau almennu markmið sem að er stefnt, og löginn verði þegar til lengri tíma er litið til eflingar myndlistar í landinu. Sérstaklega fagnar skólinn fyrirhugaðri stofnun myndlistarráðs sem menn telja að geti orðið til heilla og framdráttar fyrir fagið í heild.

**Athugasemdir:**

Skólinn gerir þrjár athugasemdir við frumvarpið sem hann telur að þurfi lagfæringa við. Þessar athugasemdir snúa að eftirtöldum atriðum:

- ráðningartíma safnstjóra Listasafns Íslands.
- skipan innkaupanefndar.
- tilnefningum í myndlistarráð.

1) II. Kafli, Listasafn Íslands, 4. grein *Safnstjóri*.

Skv. frumvarpinu eru engin takmörk á því hversu oft má endurráða sama mann í stöðu safnstjóra Listasafns Íslands. Listaháskólinn telur að setja þurfi þau takmörk að sami safnstjórinn verði ráðinn að hámarki þrjú tímabil, þ.e. alls 15. ár.

Helstu rökin fyrir tímamörkum á starfstíma safnstjóra eru þau, að hér er um afar áhrifamikið starf að ræða sem setur mark sitt á þróun myndlistar í landinu. Myndlistin breytist stöðugt og allt umhverfið verður að laga sig eftir því. Listasafn Íslands verður að vera í stakk búið til að geta endurmetið reglulega starfsemi sína og fylgt eftir þeim sporum sem hver ný kynslóð markar. Forsenda þess að slíkt endurmat fari fram er að eðlileg endurnýjun verði í hópi þeirra fagaðila sem stýra safninu. Ennfremur telur skólinn að það veiti safnstjóra nokkuð aðhald að honum sé það strax ljóst að tími hans til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd er ekki óendanlegur.

2) II. Kafli, Listasafn Íslands, 5. grein *Innkaupanefnd*.

Skv. frumvarpinu starfar þriggja manna innkaupanefnd sem ákveður kaup listaverka fyrir Listasafn Íslands. Í nefndinni situr safnstjóri, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Listaháskólinn leggur til að skýrt verði á um það kveðið að fulltrúar í innkaupanefnd verði allir fagmenn á sviði myndlistar, og jafnframt að formennskan í nefndinni verði á höndum safnstjóra.

Starf innkaupanefndar er þess eðlis að þeir sem í nefndinni sitja þurfa að hafa yfirgripsmikla þekkingu á myndlist og vera upplýstir um straua og stefnur sem ríkja í greininni á hverjum tíma. Til nefndarmanna verður að gera þá kröfu að þeir sæki allar helstu myndlistarsýningar og myndlistarviðburði, og þeir fylgist með nýjungum í greininni og almennri menningarumræðu. Nefndarmenn þurfa að mætast sem jafningjar í störfum nefndarinnar, en eðlilegt verður að teljast að safnstjórinn, sem fer með ábyrgð á framgangi safnsins, fari með forystuna innan hópsins.

3) III. Kafli, Myndlistaráð, 9. grein *Skipan*.

Skv. frumvarpinu skipar menntamálaráðherra fimm manna myndlistarráð. Samband ísl. myndlistarmanna tilnefnir tvo fulltrúa, Myndhöfundasjóður Íslands / Myndstef tilnefnir einn og Listasafn Íslands tilnefnir einn. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Listaháskólinn leggur til að Listaháskóli Íslands tilnefni einn fulltrúa í myndlistarráð í stað Myndstefs.

Eins og hlutverk myndlistarráðs er skilgreint í 10. g gr. frumvarpsins fer það mjög saman með starfsemi Listaháskólans eins og hún hefur byggst upp á undanförunum árum. Samkvæmt skipulagsskrá skólans, sem staðfest er af menntamálaráðherra, er það hlutverk hans “að sinna æðri menntun á sviði listgreina, vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings.”


Listaháskólinn fékk síðastliðið haust opinbera viðurkenningu sem háskóli á fræðasviði lista. Skólinn var þar með fyrstur íslenskra háskóla til að fá viðurkenningu skv. nýjum lögum um háskóla frá 2006. Viðurkenningin er staðfesting á því að skólinn uppfyllir þær faglegu kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegu akademísku umhverfi á fræðasviði lista. Engin önnur stofnun á Íslandi uppfyllir þau skilyrði sem viðurkenningin setur. Það hlýtur því að teljast mjög eðlilegt að leitað sé til skólans um tilnefningu í ráð eins og myndlistaráð, og það mun tvímælaust vera til eflingar fyrir starfsemi þess að fá beinan aðgang að þeirri miklu reynslu og þekkingu sem Listaháskólinn býr yfir.

Í þessu samhengi er rétt að taka fram að Myndhöfundasjóður Íslands / Myndstef eru í raun hagsmunasamtök en ekki fagsamtök. Samtökin sérhæfa sig í málefnum tengdum höfundarrétti myndhöfunda og eru heildarsamtök myndhöfundaréttshafa. Samband ísl. myndlistarmanna tilnefna einn fulltrúa í samtökin. Myndstef starfar þannig á allt öðrum forsendum en fyrirhugað myndlistarráð, sem fyrst og fremst er ætlað “að vera vettvangur fyrir umfjöllun og stefnumörkun um málefni íslenskrar myndlistar.”

---

Listaháskólinn leggur áherslu á að ábendingar hans um breytingar á frumvarpinu fái málefnalega umfjöllun, og býðst skólinn til að senda fulltrúa sína á fund menntamálanefndar til að upplýsa frekar um forsendurnar sem liggja að baki.

Virðingarfyllst

  
Hjálmar H. Ragnarsson  
rektor